

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Íslenska lífeyrissjóðsins

September 2024

1. Skipan nefndarinnar

- a) Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins („sjóðurinn“) skipar Endurskoðunarnefnd („nefndin“) árlega til eins árs í senn á stjórnarfundi í kjölfar hvers ársfundar og setur henni erindisbréf.
- b) Nefndin skal skipuð eigi færri en þremur einstaklingum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður sjóðnum. (Sjá skilgreiningu á „óháður“ í viðauka A.)
- c) Nefndin skal kjósa eða tilnefna formann, sem kemur fram fyrir hönd nefndarinnar á milli funda.
- d) Nefndin skal setja sér vinnuáætlun þar sem fram koma helstu verkefni nefndarinnar á komandi starfsári.

2. Heimildir nefndarinnar

- a) Nefndin hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlegar til að sinna sínu hlutverki í samráði við stjórn.
- b) Nefndin getur leitað til einstakra starfsmanna sjóðsins og fengið þær upplýsingar sem hún óskar eftir. Hún hefur einnig ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum er varða rekstur sjóðsins sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

3. Hlutverk og ábyrgðarsvið

- a) Nefndin hefur eftirlit með óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrintækis. Í því sambandi skal ytri endurskoðandi staðfesta með formlegum hætti að hvorki hann, né aðrir starfsmenn hans er að sjóðnum koma, hafi hvorki fjárhagslega hagsmuni tengda sjóðnum, eða tengdum aðilum, né innt af hendi þau störf fyrir sjóðinn eða tengdum aðilum sem getur haft áhrif á óhæði eða faglegra dómgreind hans.
- b) Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu. Þá metur hún skilvirkni og áreiðanleika eftirlitsþátta í bókhaldi sjóðsins ásamt ytri og innri endurskoðanda sjóðsins.
- c) Nefndin fer yfir umfang og aðferðir sem notaðar verða í endurskoðuninni með ytri endurskoðanda. Nefndin skal vera ráðgefandi gagnvart umfangi innri endurskoðunar.
- d) Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Hún fer árlega yfir ársreikninga félagsins með framkvæmdastjóra og ytri endurskoðanda. Árshlutareikningar eru einnig lagðir fyrir nefndina áður en þeir eru kynntir stjórn sjóðsins.
- e) Nefndin heldur fundi með innri endurskoðanda, ytri endurskoðanda eða stjórn til þess að ræða sérhver þau mál sem fyrrgreindir aðilar telja þörf á að ræða í einrúmi við nefndina.
- f) Stjórn sjóðsins getur sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar fjárhagslega stöðu sjóðsins, innra eftirlit varðandi fjárhagskerfi og gerð fjárhagskýrsla, áhættustýringu eða samræmi við lög, reglur og reglugerðir. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni í hverjum þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma.
- g) Nefndin getur komið með mál er tengjast verksviði hennar inn á stjórnarfundi sjóðsins ef hún telur tilefni til umfjöllunar stjórnar um málefnið.

- h) Nefndin setur fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins.
- i) Nefndin fer yfir og endurmetur árlega hvort starfsreglur nefndarinnar séu fullnægjandi.
- j) Nefndin skilar af sér skýrslu í lok hvers starfsárs og leggur fyrir stjórn sjóðsins.

4. Takmarkanir

Nefndin ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í starfsreglum þessum, en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings sjóðsins. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að fylgjast með virkni innri eftirlitsþátta. Skoðun nefndarinnar á ársreikningi er ekki sama eðlis og sú endurskoðun sem gerð er af óháðum endurskoðanda.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Íslenska lífeyrissjóðsins 25. september 2024

Viðauki A

Nefndarmaður telst ekki vera óháður*:

- Ef hann er eða hefur verið starfsmaður sjóðsins eða rekstraraðila hans undanfarin þrjú ár.
- Ef hann þiggur greiðslur frá sjóðnum, æðstu stjórnendum hans eða rekstraraðila sjóðsins (á ekki við um þóknun fyrir setu í stjórn eða endurskoðunarnefnd).
- Ef hann er tengdur nánum fjölskylduböndum einhverjum af ráðgjöfum, stjórnarmönnum eða æðstu stjórnendum sjóðsins eða rekstraraðila sjóðsins.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum í öðru félagi sem er í umtalsverðum viðskiptum við sjóðinn eða rekstraraðila hans.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum félags þar sem einn af æðstu stjórnendum sjóðsins eða rekstraraðila sjóðsins situr sem stjórnarmaður.
- Ef hann er í miklum viðskiptum eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í sjóðnum eða rekstraraðila hans.
- Ef hann er aðili að árangurstengdu umbunarkerfi hjá sjóðnum eða rekstraraðila hans.
- Ef uppi eru einhver önnur atriðið þar sem hagsmunir nefndarmanns og sjóðsins eða rekstraraðila hans geta skarast verulega.

*Skilgreiningar teknar úr leiðbeiningum Verslunarráðs, Kauphallarinnar og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og stofnana.